

Pingeyjarsveit  
Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík, 15. mars 2024  
UST202403-091/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hofstaða í Laxárdal - Pingeyjarsveit**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar er barst 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Hofstaði í Laxárdal.

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið skipulagsins er að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegar fyrir ferðamenn. Viðfangsefni skipulagsins eru m.a. að skilgreina lóðir, byggingarreiti, minjar, þjónustusvæði, aðkomu, bílastæði, göngustígakerfi, dvalarsvæði, útsýnisstaði og staðsetningu og gerð skilta. Jafnframt er gert ráð fyrir snyrti- og salernisaðstöðu fyrir ferðamenn. Auk þess kemur fram að skipulagssvæðið er 29 ha að stærð og nær um minjasvæðið. Einnig kemur fram að um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 2017 og með gildistöku á endurskoðuðu deiliskipulagi fellur eldra skipulag úr gildi.

### **Mývatn**

Líkt og kemur fram er svæðið nú verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í 2. mgr. 3. gr. laganna og 3. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar segir: „Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagsáætlunina, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í framangreindum skilningi. Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Ríkey Kjartansdóttir

***sérfræðingur***